Skógarvörðurinn á Vöglum.

# S T A R F S S K Ý R S L A  F Y R I R  Á R I Ð  1 9 8 6.

Ísleifur Sumarliðason.

Starfsskýrsla skógarvarðarins á Vöglum fyrir árið 1986.

## 1. V E Ð U R F A R   Á R S I N S.

### 1. 1. Tíðarfarsyfirlit.

<u>Í janúar</u> var austlæg og suð-austlæg átt tíðust.
Hámark hita mældist 7.2 stig 26. jabúar, lágmark -11.7 stig 3. s. m.
Meðalsnjódýpt var 64 cm., mest 85 cm. 23. janúar.
Miklar skemmdir urðurá toppum á ýmsum tjátegundum, en þó sérstaklega á stafafuru, sem óx mikið sumarið 1985, í blauta snjónum sem féll 9. og 11. janúar.

<u>Í febrúar</u> var suðlæg og suð-austlæg átt lang tíðust.
Hámark hita mældist 7.9 stig 12. febrúar, lágmark -17.7 stig 21. s. m.
Meðalsnjódýpt var 5o cm., mest 77 cm. í byrjun mánaðarins.

<u>Í marz</u> var breytileg átt.
Hámark hita mældist 9.1 stig lo. marz, lágmark -13.3 stig 29. s. m.
Meðalsnjódýpt var 49 cm. mest 68 cm. 25. marz.

<u>Í apríl</u> voru tíðastar austlægar og suð-austlægar áttir.
Hámrk hita mældist 9.7 stig 25. apríl, lágmark -12.9 stig 16. s. m.
Meðalsnjódýpt var 39 cm., mest 8o cm. í byrjun mánaðarins.

<u>Í maí</u> var norðlæg átt ríkjandi,
Hámark hita mældist 12.9 stig 19. maí, lágmark -7.6 stig 4. s. m.
Frost mældist 2o sinnum á lágmarksmæli við jörð.
Snjódýpt mældist þrjá daga mánaðarins, mest 2 cm. 4. maí
Þann 19. maí var brum að byrja að þrútna á birki og grænar nálar að sjást á lerki.

<u>Í júní</u> var breytileg átt, en vestlæg átt var var tíðust að tiltölu.
Hámark hita mældist 22.5 stig 28. júní, lágmark o.5 stig 3. s. m.
Þann 3. júní var lerki byrjað að litkast og 13. s. m. var lerkið algrænt og birkiskógurinn óðum að litkast.
Þann 21. júní taldist birkiskógurinn allaufgaður.
Þann 28. júní hljóp mikill vöxtur í Fnjóská og hafði hún ekki vaxið svo mikið í fjölda mörg ár.

<u>Í júlí</u> var breytileg átt, en norðlæg átt þó tíðust.
Hámark hita mældist 19.4 stig 1. og 12. júlí.
Lágmark mældist 1.2 stig 18. s. m. Fjórum sinnum mældist frost á lágmarksmæli við jörð, mest -1.5 stig 22. júlí.
Sláttur hófst í byrjun mánaðarins.

<u>Í ágúst</u> vestlæg átt einna tíðuast, en austlæg átt var einnig áberandi.
Hámark hita mældist 17.8 stig 8. ágúst, lágmark o.2 stig 29. s. m.
Frost mældist sjö sinnum á lágmarksmæli við jörð, mest -2.5 stig 18. ágúst.
Þann 31. ágúst var skógurinn byrjaður að gulna. Þann dag var hvasst og mikið moldrok í dalnum.

<u>Í september</u> var breytileg átt, vestlæg og austlæg átt álíka tíðar.
Hámark hita mældist 14.4 stig 3. september, lágmark -5.o stig 15. s. m. Frost mældist 2o sinnum á lágmarksmæli við jörð, mest -8.o stig 15. sept.
Þann 18. sept. var skógurinn orðinn mjög gulur og lauffall að byrja. Þann 21. er lerkið farið að gulna og orðið alveg gult 26. s. m.
Birkiskógurinn var að mestu lauflaus í lok mánaðarins.

I október voru austlæg, suð-austlæg og suðlæg átt tíðastar.
Hámark hita mældist 8.9 stig 17.október, lágmark -1o.4 stig 21. s. m, og -14.3 stig á lágmarksmæli við jörð sama dag.
Allt barr var fallið af lerki 14. okt.
Snjór mældist 9 sinnum á mælistiku, mest 27 cm. í lok mánaðarins.

I nóvember var breytileg átt, en austlægar og norð-austlægar áttir tíðastar.
Hámark hita mældist 6.1 stig 14. nóvember, lágmark -13.4 stig 11. sm m.
Meðalsnjódýpt var var 47 cm., mest 93 cm. í lok mánaðarins.

I desember var suðlæg átt mest áberandi.
Hámark hita mældist 8.8 stig 23. desember, lágmark -1988 stig 2. s. m.
Meðalsnjódýpt var 72 cm. mest 95 cm. í byrjun mánaðarins.

1. 2. Tafla yfir hita og úrkomumælingar í Lerkihlíð 1986.

| | Meðalhiti C° | | Úrkoma mm. | |
|---|---|---|---|---|
| Janúar | -3.1 | ( -4.1 ) | 11o.5 | ( 45.7 ) |
| Febrúar | -3.2 | ( -3.3 ) | 68.5 | ( 2o.7 ) |
| Marz | -1.o | ( -311 ) | 69.4 | ( 6o.4 ) |
| Apríl | o.7 | ( o.3 ) | 7o.2 | ( 35.7 ) |
| Maí | 2.2 | ( 5.5 ) | 52.6 | ( 6o.4 ) |
| Júní | 1o.3 | ( 8.7 ) | 26.7 | ( 5o.5 ) |
| Júlí | 9.5 | ( 8.8 ) | 29.4 | ( 63.4 ) |
| Ágúst | 8.7 | ( 7.2 ) | 9.8 | ( 82.6 ) |
| September | 4.3 | ( 3.5 ) | 26.7 | ( 25.3 ) |
| Október | -833 | ( 4.3 ) | 55.6 | ( 59.2 ) |
| Nóvember | -2.5 | ( -3.3 ) | 176.1 | ( 19.4 ) |
| Desember | -3.3 | ( -6.o ) | 71.o | ( 78.6 ) |
| Árið | 1.9 | ( 1.5 ) | 698.5 | (6oo.9 ) |

Tölurnar í svigum sýna hita og úrkomu 1985.

1. 3. Meðalhilti júní - september.

Meðalhiti júní september var 8.o stig, en meðalhiti sömu mánaða 1985 var 7.1 stig.

# 2. VÖXTUR OG ÞRIF TRJÁGRÓÐURS.

## 2. 1. Laufgun og lauffall.

Þann 19. maí var brum á birki farið að þrútna og grænar nálar að sjást á lerki.

Lerki var byrjað litkast 3. júní og algrænt var það talið 13. s. m., þá var birkiskógurinn óðum að litkast.

Birkiskógurinn taldist allaufgaður 21. júní.

Í lok ágúst var birkiskógurinn byrjaður að gulna og þann 18. september var skógurinn orðinn mjög gulur og lauffall að byrja.

Þann 21. september var lerkið farið að gulna og 26. s. m. var það orðið alveg gult.

Birkiskógurnn var að mestu lauflaus í lok mánaðarins.

## 2. 2. Vöxtur.

Vöxtur á barrtrjám var lítill, sérstaklega á furu, en þó betri á greni.

Vöxtur á lauftrjám var í góðu meðallagi.

## 2. 3. Fræfall.

Fræ var nú mjög lítið á birki. Talsvert var af könglum á rauðgreni en nokkuð virtist vanta á að fræið þroskaðist nægilega og var því engu safnað.

## 2. 4. Skaðar á trjám.

Miklar skemmdir urðu á ýmsum trjátegundum í blauta snjónum sem féll 9. og 11. janúar.

Sérstaklega brotnaði mikið af toppum á stafafuru, sem voru mjög langir og illa þroskaðir eftir sumarið 1985. Stafafura af Skagway kvæmi slapp tiltölulega betur en innlandskvæmi af sömu tegund, sem voru með mun lengri árssprota.

Einnig voru skemmdir á broddfuru og lindifuru og hefur það varla gerst áður.

## 3. S T A R F S F Ó L K.

Jóhann Ísleifsson kom til starfa í byrjun maí eftir að hafa lokið námi í garðplöntuuppeldi frá Garðyrkjuskóla ríkisins, en áður hafði hann lokið námi í skógtækni í Noregi. Hann sá að mestu um garðplöntuuppeldið í gróðrarstöðinni, auk þess sem hann leysti skógarvörð af í júlí og í veikindaleyfi hans í nóvember og desember. Hann sá um töku og sölu á jólatrjám með miklum ágætum.

Ekki var ráðinn starfsmaður með búsetu á Vöglum I, en Benedikt Karlsson, Ytra-Hóli var ráðinn mánuðina maí - desember.

Mér sýnist að farið hafi verið fram úr fjárhagsáætlun um 17% eða 849 þúsund krónur. Var greitt upp í þá upphæð eins og tök voru á.

Það er ávalt sama sagan að starfsólkið er of fátt og mörg verkefni því óleyst.

## 4. G I R Ð I N G A R.

### Viðhald.

Viðhaldskostnaður girðinga varð nú mun minni en áður, enda reynt að komast af með sem minnst viðhald, kostnaður kr. 6o.29o.oo

Kostnaður við umsjón og smölun varð nánast sami í krónu tölu og á s. l. ári, kr. 98.717.oo.

Bændur ætlast til þess að náð sé hverri kind úr girðingum stofnunarinnar að hausti.

Ekki var lagt í það að þessu sinni að girða upp girðinguna á Þórðarstaðafjalli.

Í Þórðarstaðgirðingu fóru 5o staurar 6 f. fúav.

Í Vaglagirðingu fóru 85 staurar 6 f. fúav.

Í Sigríðarstaðagirðingu fóru 3o staurar 5. f. fúvarðir.

Í Sandhaugagirðingu fóru lo staurar 6 f. fúav.

Í Vaglagirðingu á Þelamörk fóru 15 staurar 6 f. fúavarðir.

## 5. S K Ó G A R H Ö G G.

### 5. 1. Viður.

Skógarhöggið fór fram í Vaglaskógi og Þórðarstaðaskógi. Komu tæplega 2/3 hlutar viðarmagnsins úr Vaglaskógi.

Tekjur af skógarafurðum: (Án söluskatts)

| | | |
|---|---|---|
| Staurar........... | kr. | 65.615.- |
| Efniviður......... | - | 25.314.- |
| Arinnviður,1574 sk | - | 216.417.- |
| Reykviður......... | - | 399.259.- |
| Birkikurl......... | - | 54.138.- |
| Plattar........... | - | 84.628.- |
| Ýmislegt.......... | - | 2.416.- |
| Samtals | | 847.187.- |

Skógarhögg og viðarsla á Vöglum 1986.

| | Staurar 5. f. | Staurar 6. f. | Efniv. tonn | Reykv. tonn | Arinnv. tonn | Samtals Krónur. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Sala 1986 | 112o | 3oo | 2.oo | 98.266 | 31.48o | 847.787 |
| S. r. Vöglum | 3o | 16o | | 2.ooo | | 26.6oo |
| Birgðir, unnið | 3oo | 22o | 5.oo | 1.5oo | 8.8oo | 182.2oo |
| " óunnið | 1oo | 2oo | | 5.ooo | | 26.ooo |
| | 155o | 88o | 7.oo | 1o6.766 | 4o.28o | 1.o82.587 |
| -birgðir '85 | 6oo | 849 | 7.oo | 6.ooo | 22.ooo | 287.52o |
| Högg 1986 | 95o | 31 | - | 1oo.766 | 18.28o | 795.o67 |
| Tonn | 4.75 | o.21 | - | 1oo.766 | 18.28o | 124.oo6 |

Vinnustundir við skógarhögg og viðarvinnslu voru 2.933, laun og launatengd gjöld kr. 577.646.-

## 5. 2. Jólatré.

Jólatrén voru felld 29. október - 18. nóvember. Alls voru tekin 1.426 tré.á eftirtöldum stöðum:

| | Rauðgreni | Stafafura | Fjallaþ. | Samtals. |
|---|---|---|---|---|
| Vaglir, Þelamörk.. | 2o | | | 2o |
| Þórðarstaðaskógur. | 17 | | | 17 |
| Lautaskógur....... | ~~32~~ | 39 | | 39 |
| Vaglaskógur....... | | 13o | | 13o |
| Sigríðarstaðaskógur | 2 | 4o | | 42 |
| Fellsskógur....... | 916 | | 185 | 1.1o1 |
| Ásbyrgi........... | 45 | | | 45 |
| Sandhaugar........ | ~~32~~ | 32 | | 32 |
| Samtals | 1.ooo | 241 | 185 | 1.426 |

Af teknum trjám seldust 1.4o5, örfá seldust ekki, önnur fengu starfsmenn. Trén skiftast þannig eftir stærð:

| Stærð | Rauðgreni | Stafafura | Fjallaþinur | Samtals. |
|---|---|---|---|---|
| 7o-1oo | 96 | 28 | 38 | 162 |
| 1o1-125 | ~~324~~ 332 | 82 | 62 | ~~468~~ 476. |
| 126-15o | 317 | 87 | 54 | 458 |
| 151-175 | 144 | 35 | 18 | 197 |
| 176-2oo | 58 | 5 | 8 | 71 |
| 2o1-25o | 17 | 4 | 1 | 22 |
| 251-3oo | 6 | | | 6 |
| 3o1-4oo | 9 | | | 9 |
| 4o1-5oo | 3 | | | 3 |
| 5o1-6oo | 1 | | | 1 |
| Samtals | 983 | 241 | 181 | 1.4o5 |

Söluferðir voru farnar til Dalvíkur, Húsavíkur og í Mývatnssveit.

6b Laun og launatengd gjöld vegna töku, flokkunar og sölu á trjám og greinum var kr. 3o6.769, annar kostnaður kr. 45.211, alls kr. 351.98o.-

Tekjur skiftust þannig:

| | Sala | Aðkeypt | Mism. |
|---|---|---|---|
| Jólatré........... | 8o5.187 | | 8o5.187 |
| Innfl. ísl.greinar | 181.112 | 96.93o | 84.182 |
| Samtals | 986.299 | 96.93o | 889.369 |

Nýjar flokkunarreglur á jólatrjám leiddu í raun til verðfellingar.
Tekjur án söluskatts.

## 6. G R Ó Ð R A R S T Ö Ð.

### 6. 1. Fræplöntur.

Fræsáning hófst 15. maí og var lokið samdægurs við að sá í gróðurhúsin tvö, í bakka var sáð dagana 2o-23 s. m., 863 bakkar og 253 m2.

Sáningin tókst vel, nema hvað heldur gisið spíraði í bökkunum og fjallaþinur spíraði ekki.

### 6. 2. Dreifsetning.

Dreifsetning hófst 3. júní og var lokið 13. s. m. Dreifsettar voru 28.96o plöntur, vafðar í móband 88.225 plöntur og stungið 32.67o græðlingum.

### 6. 3. Garðplöntur.

| | | |
|---|---|---|
| Garðplöntur voru seldar fyrir.... | krþ | 1.657.177.- |
| " " afhentar " .... | - | 188.182.- |
| Samtals. | | 1.838.355.- |

Seldar og afhentar voru 35.003 garðplöntur og til sölu eru áætlaðar 33.121 plöntur árið 1987.

## 6. 4. Afhending skógarplantna.

Afhentar voru 136.488 skógarplöntur úr gróðrarstöðinni, 26.ooo plöntum fleiri en áætlað. Munar þar mest um 21.ooo bakkaplöntur 2/o, sem ekki var reiknað með í áætlun.

| | | |
|---|---|---|
| Seldar skógarplöntur fyrir | kr. | 8o1.o86.- |
| Afhentar " " | | -1.o37.269.- |
| Samtals | | 1.838.359.- |

## 6. 5. Nýframkvæmdir.

Unnið var að því að lengja gróðurhúsin þrjú eins og getið er um í síðustu skýrslu.

Var búið að ganga frá tveim þeirra og setja á þau dúkinn, en eftir er að ganga frá opnanlegum gluggum. Á þriðja húsinu er eftir að ganga frá langböndum að hluta.

## 6. 6. Kostnaður.

Vinnulaun og launatengd gjöld 1986:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Verkfæri og áhöld..... | kr. | 6.2o5.- | 27 | vinnust. |
| Sáning................. | - | 84.883.- | 456 | " |
| Dreifsetning.......... | - | 76.185.- | 412 | " |
| Uppt.&meðf.skógarpl... | - | 134.1o1.- | 724 | " |
| Móbandsplöntur........ | - | 149.864.- | 76o. | " |
| Fjölpottaplöntur...... | - | 6o.4o1.- | 319 | " |
| Stiklingar, útiræktun. | - | 63.378.- | 36o | " |
| Garðpl. beðpl.......... | - | 179.49o.- | 1.o13 | " |
| Garðpl. pottapl....... | - | 39o.763.- | 1.886 | " |
| Sala garðplantna...... | - | 128.783.- | 5o4 | " |
| Jarðabætur............ | - | 44.613.- | 191 | " |
| Frídagavaktir......... | - | 55.o98.- | 162 | " |
| Vetrarumb............. | - | 14.667.- | 77 | " |
| Ræktunarbún........... | - | 9.222.- | 53 | " |
| Umhverfi.............. | - | 35.357.- | 19o | " |
| Samtals | | 1.433.o1o.- | 7.134. | vinnust. |

## 7. G R Ó Ð U R S E T N I N G.

Tafla yfir tegundir, kvæmi og plöntufjölda.

| | Tegundir | Aldur | Kvæmi | Nr. | Plöntufjöldi |
|---|---|---|---|---|---|
| Vaglaskógur.... | Alaskaösp | o/4 | Gautsst. | | 3o5 |
| " .... | " | o/3 | C-o6 | | 317 |
| " .... | Blágreni | 2/4 | H. S. | B-825 | 1.27o |
| " .... | Rauðgreni | 2/3 | Ringsaker | B-761 | 42o |
| " .... | Sib.lerki | 1/2 | Sönsterud | C-o7o | loo |
| | | | | | 2.412 |
| Skuggabjörg.... | Alaskaösp | o/4 | Gautsst. | | 2oo |
| " | Fjallafura | 2/3 | Hohe Tatra | | 13o |
| " | Stafafura | 2/2 | Bennet | C-o62 | 9.68o |
| " | Rússalerki | 2/o | Modo | C-o54 | 2o.96o |
| " | Sib.lerki | 1/2 | Sönsterud | C-o7o | 4.56o |
| | | | | | 35.53o |
| Vaglir, Þelam.. | Alaskaösp | o/4 | Gautsst. | | 994 |
| " | " | o/3 | C-o6 | | 25o |
| " | Birki | 3/o | Passvik | | 5o |
| " | Blágreni | 2/4 | H. S. | B-825 | 62o |
| " | Rauðgreni | 2/3 | Ringsaker | B-761 | 5oo |
| " | Broddfura | 3/5 | Hallormsst | C-1 | 85 |
| " | Fjallafura | 2/4 | Hohe Tatra | | 25o |
| " | Lindifura | 2/5 | Hallormsst | | 85 |
| " | Skógarfura | 2/3 | 74-1(4928) | | 1.84o |
| " | Sveigfura | 2/5 | Rio Grande | | 4o |
| " | Alaskalerki | 2/3 | Fairbanks | C-o82 | 2.972 |
| " | Lerki | 2/5 | Aðalstr.Ak. | | 115 |
| " | Sib.lerki | 1/2 | Sönsterud | C-o7o | 7.975 |
| | | | | | 15.776 |
| | Samtals | | | | 53.718 |

Gróðursetning hófst 27. maí og lauk 27. júní.

Byrjað var að gróðursetja lerki aftur 1. sept. og var því lokið 18. s. m.

Laun og launatengd gjöld voru kr. 227.661, rétt um kr. 4.2o á plöntu. Gróðursetningin var að lang mestu unnin í ákvæðisvinnu.

Úr sjóði Önnu Stefánsdóttir, voru lagðar fram llo.ooo.-upp í kostnað við gróðursetninguna á Skuggabjörgum.

Gróðursetning á stafafuru haustið 1985, reyndist heldur illa, þó misjafnlega, svo að ekki var gróðursett stafafura á liðnu hausti.

Nytjaskógrækt hjá bændum.

Tafla yfir tegundir, kvæmi og plöntufjölda.

| | Tegundir | Aldur | Kvæmi | Nr. | Plöntufjöldi |
|---|---|---|---|---|---|
| Breiðamýri..... | Stafafura | 2/2 | Bennet | C-o62 | 1.5oo |
| " ..... | Sib.lerki | 1/2 | Sönsterud | C-o7o | 3.ooo |
| | | | | | 4.5oo |
| Breiðanes...... | Stafafura | 2/2 | Bennet | C-o62 | 2.ooo |
| " ...... | Alaskalerki | 2/3 | Fairbanks | C-o82 | 2oo |
| " ...... | Sib.lerki | 1/2 | Sönsterud | C-o7o | 2.3oo |
| | | | | | 4.5oo |
| Laugaból....... | Alaskaösp | o/3 | C-o6 | | 55 |
| " ....... | Alaskabirki | 2/3 | Fairbanks | | loo |
| " ....... | Blágreni | 2/4 | H. S. | B-825 | loo |
| " ........ | Sitkabastaður | | Hallormst | | 25o |
| " ....... | Stafafura | 2/2 | Bennet | C-o62 | 695 |
| " ....... | Sib.lerki | 1/2 | Sönsterud | C-o7o | 1.75o |
| | | | | | 2.95o |
| Laugafell...... | Alaskabirki | 2/3 | Fairbanks | | lo |
| " ...... | Stafafura | 2/2 | Bennet | C-o62 | 4.ooo |
| " ...... | Alaskalerki | 2/3 | Fairbanks | C-o82 | loo |
| " ...... | Sib.lerki | 1/2 | Sönsterud | C-o7o | 2.3oo |
| " ...... | Fjallaþinur | 2/3 | Skagway | C-o81 | loo |
| | | | | | 6.51o |
| Víðifell....... | Stafafura | 2/3 | Bennet | C-o62 | 1.4oo |
| " ....... | " | 2/2 | " | C-o62 | 6oo |
| | | | | | 2.ooo |
| | Samtals | | | | 2o.46o |

Girðing á Breiðanesi var styrkt með framlagi kr. 5o.ooo.-

Fyrirhuguð girðing á landi Jódísarstaða var styrkt með framlagi kr. loo.ooo.oo vegna efniskaupa og ennfremur með 3oo birkistaurum.

Verðmæti afhentra trjáplantna var kr. 264.785.oo

Eftir eru 3oo staurar af þeim 6oo staurum sem keyptir voru á sl. ári, geymdir á Vöglum.

Bændur fengu plöntur ókeypis en sáu sjálfir um gróðursetningu.

## 8. H I R Ð I N G P L A N T N A.

I Fellsskógi var unnið að umhirðu plantna svipað og undanfarin ár, um 2oo vinnustundir.

I Þórðarstaðaskógi var unnið nokkuð minna að umhirðu en áður og kom það til m. a. vegna þess að nú var þar talsvert skógarhögg, en meira kapp þarf að leggja á umhirðu þar og víðan annarsstaðar.

I Vaglaskógi var hreinsað frá plöntum í þrem reitum.

Laun og launatengd gjöld voru kr. 121.9o6.-, vinnustundir 6o9 eða röskelaga þriðjuni færri en á sl. ári.

## 9. V E G A G E R Ð.

Aðallega var unnið að því að mölbera efri veginn í Vaglaskógi suður í gegn um skóginn.
Einnig var borið ofan í verstu kaflana á veginum í Þórðarstaðaskógi, þó enn séu þar næg verkefni.
Við þessar framkvæmdir voru notaðar bifreiðarnar frá Selfossi og Hallormsstað, auk bifreiðarinnar héðan, ennfremur ámokstursvél frá Selfossi.

## lo. Vélar og verkfæri.

Keypt var jarðvinnslutæki að hálfu á móti Skógræktarfélagi Eyfirðinga, "Kulla" kaupverð um 72.ooo.- kr.
Ennfremur var fengin að láni frá Noregi gróðursetningarvél.
Þessi tæki eru álitleg og þarf að reyna þau betur næsta sumar.
Keyptur var flutningakassi á dráttarvagninn fyrir vörubifreiðina, kaupverð kr. 75.ooo.-. Var það nú mikill munur að geta flutt plöntur á lokuðum vagni.
I árslok var ákveðið að kaupa loo hestafla Ursus dráttarvél. Var gamla Zetor dráttarvélin látin í skiftum og fengust fyrir hana 195.ooo.- kr. Milligjöf var kr. 4o7.ooo.-, miðað við að söluskattur fáist feldur niður af nýju vélinni.

## 11. B Y G G I N G A R.

Aðeins var unnið að smávægilegu viðhaldi og var það helst að raflagnir voru endurbættar verulega á Þórðarstöðum.

## 12. Ý M I S L E G T.

### 12. 1. Ferðalög og fundahöld.

Sat að venju aðalfund og stjórnarfundi Skógræktarfélags S.-Þingeyinga, einnig aðalfund Skógræktarfélags N.-Þingeyinga að Lundi.

Í júní var ég við gróðursetningu að Laugabóli í Reykjadal, en þar mættu 25 sjálfboðaliðar til þess að gróðursetja í girðingu Tryggva Sigtryggssonar.

Í júní fór ég með félögum úr Skógræktarfélagi S.-Þingeyinga inn í Eyjafjörð og sýndi skógræktina að Kristnesi og Grund.

Í júní fór ég til Finnlands í boði stofnunarinnar á XVI mót skógræktarmanna á norðurlöndum.

### 12. 2. Ferðafólk.

Ferðafólk var miklu fleira en 's. l. ári.

Um verzlunarmannahelgina voru hér tvö til þrjú þúsund manns og var umgengni slæm. Voru gestir að mestu unglíngar, en fullorðið fólk sást lítið.

Tekjur af hjólhýsastæðum voru kr. 115.2oo, af tjaldstæðum kr. 232.81o.-

Laun og launatengd gjöld voru kr. 1o6.85o, annar kotnaður kr. 38.174.-, samtaks kr. 145.o24.oo.

### 12. 3 Annað.

Þess ber að geta að ekið var 67 bílhlössum af sverði í reitina og í haug til geymslu til síðari notkunar í gróðrarstöðinni.

Þar sem þetta er síðasta starfsskýrsla undirritaðs og starfi hjá stofnuninni senn að ljúka, er mér efst í huga þakklæti til samstarfsmanna minna á Vöglum fyrir langt og gott samstarf.

Bjarkaholti í Mosfellssveit
12. febrúar 1987.